

1873.
16. apríl.

Því í dag skrifað landfógetanum, að borga allt að því 500 rd. úr jarðabókarsjóðnum í þessu skýni, þegar þér gjörð tilkall til þess. Um það, hvornig fê þessu hefir verið varið, mælumst vér til að fá reikning með tilheyrandi skilríkjum, þegar að því kemur.

16. apríl

26. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um yfirréttarhúsið í Reykjavík.

Í bræfi, dagsettu 27. febrúarm. þ. á., hafið þér, herra landshöfðingi, stungið uppá:

að landssjóðurinn kaupi hið svo nefnda yfirréttarhús í Reykjavík, sem er eign dómsmálasjóðsins íslenska, fyrir kaupverð, eptir mati óvilhallra manna, eða með þeim skilmála, að hann endurgjaldi dómsmálasjóðnum kostnaðinn við að koma fyrir húsakynnum í hegningarhúsinu, þar sem landsyfírréttur eptirleidis skal haldinn;

að tæðu húsi samkvæmt áætlun og meðfylgjanda uppdretti á kostnað landssjóðsins verði komið svo fyrir, að það sumpart verði haft til prestaskólans, sem missir það húsnæði 1. oktbr. þ. á., sem hann hingað til hefir haft, og sumpart annaðhvort til sjómannaskóla þess, sem er í ráði að koma á stofn, eða til lækniskennslu þeirrar, sem stofnuð er í Reykjavík, ef herbergi þau í sjúkrahúsinu, sem nú eru höfð til þeirrar kennslu, verða ætluð til einhvers annars;

að framkvæmdum þeim, er snerta prestaskólann, verði lokið í sumar, svo allt sè tilbúið handa honum 1. oktbr. þ. á.;

að landshöfðingjanum verði veitt vald til, að halda undirboðsþing, eða, ef það eigi tekst, að gjöra samninga samkvæmt fyrnefndri áætlun og uppdretti, til þess ráðstafanir þær verði framkvæmdar, sem með þarf útaf þessu.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, að stjórnarráðið fellst á uppástungur yðar með svofelldu móti:

að landssjóðurinn kaupi fyrnefnt yfirréttarhús fyrir verð eptir mati óvilhallra manna, og skuli það koma uppi það fê, sem úr

1873.

16. apríl.

landssjóðnum er greidd fyrir hönd dómsmálasjóðsins til byggingar hegningarhússins, og

að fê það, sem með þarf til þess að koma fyrir húsakynnum handa prestaskólanum, verði borgað af þeirri upphæð, sem í áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. apríl til 31. desbr. 1873, 10. gr., er ætluð til óvissra útgjalda, sem uppá kunna að koma, og veitist yður vald til að láta borga yður fê þetta úr jarðabókarsjóði Íslands; samt má það eigi með nokkru móti fara fram úr þeim 677 rd., sem tilteknir eru í áætlun yðar um kostnaðinn við þetta, heldur er búizt við, að hann verði eigi meiri, en 625 rd., eins og þér hafið gjört ráð fyrir í brèfi yðar.

Jafnframt og vèr búumst við að fá skýrslu um ráðstafanir yðar í þessu tilliti, þegar að því kemur, og reikning með tilheyrandi skilríkjum yfir kostnaðinn, verðum vèr að því leyti, sem þér að endingu hafið stungið uppá, að landshöfðingja veitist vald til að fá fimleikakennara Steenberg til þess að vera sendibodi við landsyfírréttinn og takast á hendur umsjón um húsakynni prestaskólans, gegn því, að honum sè veittur ókeypis bústaður í fyrnefndu yfírrættarhúsi og 50 rd. í árlegt kaup, — en af því skuli 30 rd. greiddir af dómsmálasjóðnum, en hinir 20 rd. af því fê, sem ætlað er handa prestaskólanum til eldiviðar og ljósa — að mælast til þess, áður en nokkuð er veitt árlega úr dómsmálasjóðnum, að fá skýrslu yðar um, hvort tæður sjóður hafi nokkrar fastar tekjur nú, eptir að skuldabréf hans samkvæmt boðum dómsmálastjórnarinnar eru afsöluð landssjóðnum, og legorðssektir eigi framár falla til hans, en því skal við bætt, að mál þetta er sent kirkju- og kennslustjórninni, að því leyti, sem þetta atriði einnig snertir hana.

27. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans 16. apríl.
yfir Íslandi, um þjónustufrimerki.

Útaf uppástungu yðar, herra landshöfðingi, í brèfi 22. f. m.